

## Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

**Maí 2017**

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarsjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í mars:

Vinnuáætlunin byrjaði á samráðsfundi sveitar- og bæjarstjóra með FV á Patreksfirði þann 3. maí. Þar var m.a. fjallað um stofnun Vestfjarðastofu (úr FV og AtVest) og komu ráðgjafar frá Capacent og kynntu vinnutillögu þar a lútandi. Einnig var farið yfir hugmyndir Ísafjarðarbæjar varðandi breytingar á BsVest. Vinnu vegna hitaveitumála í Strandabyggð er nú haldið áfram og nokkrir fundir hafa verið í mánuðinum í tengslum við þá vinnu, bæði hér heima og í Rvk. María Maack hjá AtVest hefur komið inn í þá vinnu og er hún að koma meira inn í verkefni hjá okkur í þeim efnunum. Ennþá er allt í undirbúnings og könnunarstigi sem vonandi leiðir þó til hitaveitu í framhaldi. Geislinn kom á fund með okkur þar sem þeir sýna því áhuga að koma að því að styrkja starf íþróttakennslu og þjálfunar í sveitarfélaginu, félagið er reiðubúið að koma með fjármuni inn svo hægt sé að bjóða upp á 100% starf í samvinnu við skólann. Tveir forstöðumannafundir voru í mánuðinum sem skýrist á því að tveir sveitarstjórnarfundir voru einnig í mánuðinum vegna ferlis við samþykkt ársreiknings. Annar forstöðumannafundurinn var haldinn hér í Hnyðju en hinn var í boði forstöðumanns áhaldahúss. Þessi nýbreytni að færa forstöðumannafundina á milli starfsstöðva forstöðumanna er skemmtileg tilbreyting og eykur á upplýsingaflæði og þekkingu á milli starfsstöðva í sveitarfélaginu. Þá er við komandi forstöðumaður gestgjafinn og fræðir aðra um sína stöð og þau verkefni sem hann sinnir. Vinnufundur var með Þorgeiri Pálssyni og sveitarstjórn þar sem áfram var unnið að stefnumótun Strandabyggðar, fer nú að sjá fyrir endann á þeirri vinnu en lok þó ótímasett. SÍBS og Hjartaheill heimsóttu Vestfirði í maí, þeir komu við hjá okkur föstudaginn 12. Maí og buðu upp á ókeypis heilsufarsmælinu. Stór starfsauglýsing fór í fréttablaðið um mánaðarmótin apríl/maí og fór mikill tími í maí í úrvinnslu og ráðningar. Ljóst er þó að auglýsa þarf á ný störf á skrifstofu og starf tómstundafulltrúa, verður það gert í júní og júlíbyrjun. Stjórnarfundur og aðalfundur voru í BsVest og Fjórðungsping var haldið í Bolungarvík. Starfsmannasamtöl hófust í maí og verða í gangi í júní.

---

### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Maí er búin að vera mjög rólegur í strandveiðum bæði sökum veðurs og einnig lélegrar veiði það komu á land um 13 tonn úr grásleppunetum 11 tonn með rækjuvörpu 30 tonn með línu og 45 tonn með handfærum, vonum að það fari að breytast nú í júní. Grásleppuvertíðin kláraðist og var með þeim lélegri. Mikið hefur sést af hval í firðinum svo það verður vonandi áfram þegar hvalskoðunarbáturinn mætir á svæðið og byrjar með siglingar 15. Júní. Saltskip kom hérna um miðjan mánuðinn með um 200 tonn af salti. Við höfum verið að vinna í félgsheimilinu þ.e. niðri sem er verið að gera klárt fyrir félagsmiðstöðina fyrir næsta vetur. Lions hefur verið í girðingunni og höfum við verið að reyna koma rafmagni á hana. Við opnuðum tjaldsvæðið 15. Maí og er búin að vera ágætis rennsli í gegnum það miðað við árstíma. Slátturvélar og Orfin eru klár svo núna má sumarið koma ☺

---

### Frá skrifstofustjóra - Salbjörg Engilbertsdóttir

Maí hefur verið frekar annasamur. Fyrri umræða ársreiknings fór fram 9. maí og fram að þeim tíma var unnið í honum, svörun á spurningum og gagnasendingar til endurskoðanda voru stór hluti daglegra verkefna. Ég sinnti afgreiðslu og innheimtu án teljanlegra vandræða og nýja kerfið virðist funkera ágætlega. Þó á ég eftir að keyra inn úr launakerfi í bókhald og setja áætlun inn í kerfið, ég stefni að því í júní sem og að koma verkþókhaldinu af stað. Verkþókhald er þó enn fært í gamla kerfið en verður fært yfir þegar hægt er. Ég var einnig nokkra daga í fríi í mánuðinum en fyrir utan ofantalið sinnti ég venjubundnum störfum, færði bókhald og laun.

### Félagsheimili

Ýmsir viðburðir voru í húsinu í maí t.d. vorkaffi Kvinnakórsins, ungmennaping, aðalfundur félags eldri borgara, erfidrykkja og mötuneyti var starfandi þarna í 3 daga vegna endurbóta á Café Riis. Endurbætur voru hafnar í

kjallaranum og búið er að mála vegg og gluggar hreinsaðir. Félagsmiðstöðin Ozon hélt sitt árlega Galakvöld í kjallaranum en þar mættu ungmennin í sínu fínasta pússi og borðuðu dýrindis kvöldverð sem foreldrar elduðu og báru fram. Þau eru afskaplega spennt yfir komandi vetri í þessu húsnæði. Andyrið opnaði fyrir tjaldsvæðagesti 15.maí og er það ágætlega nýtt. Við ákváðum að færa þvottavélarnar fram í meint salerni fatlaðra og færa ræstiaðstöðu inn, sem er nú á vergangi sem stendur en mögulegt er á einfaldan hátt að koma þeirri aðstöðu upp í fyrri þvottaaðstöðu.

---

### **Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir**

Félagsmálastjóri sótti aðalfund Félags eldri borgara á Hólmavík 3. Maí og ræddi um þjónustu við aldrað fólk í Strandabyggð. Einnig kynnti hún Öldungaráð og spurði hvort áhugi væri á að stofna slíkt á Ströndum. Í frumvarpi til laga um félagsþjónstu sveitarfélaga sem liggur fyrir Alþingi er lagt til að skylda verði að stofna Öldungaráð í öllum sveitarfélögum. Stofnað hefur verið Öldungaráð í Dölum og Reykhólahreppi. Að svo komnu máli er ekki áhugi á stofnun Öldungaráðs í Strandabyggð.

Brúðuleikhúsið Krakkarnir í hverfinu var sýnt í 1.4. bekk í Grunnskólunum á Reykhólum, Drangnesi og Hólmavík 8. Og 10. Maí. Leikritið er um ofbeldi gegn börnum og var félagsmálastjóri viðstaddur sýninguna í öllum skólunum.

11. og 12. Maí sótti félagsmálastjóri Vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

23. maí var Fræðsludagur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks á Ísafirði. Félagsmálastjóri var með fyrirlestra þar um Valdeflingu og þjónandi leiðsögn. Einn starfsmaður í búsetu á Hólmavík sótti fræðsludaginn

Að öðru leyti voru störfin hefðbundin en talsverð vinna fer í að undirbúa sumarið, finna og ráða starfsfólk í liðveislum og heimaþjónustu.

---

### **Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir**

Þann 5.maí var námskeiðið björgun úr laug haldið fyrir sumarstarfsmenn og fastráðna. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt, og fór það fram bæði í íþróttasalnum og ofaní laug.

Í framhaldi af því 6.maí fór starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar á skyndihjálparnámskeið. En þar með eru allir komnir með löggild sundlaugarvarðarréttindi.

Þann 6.maí hélt körfuboltalið Vestra opna æfingu í íþróttamiðstöðinni. Æfingin var ætluð börnum í 6.-10.bekk, beggja kynja. Tvær æfingar voru haldnar og sú fyrri byrjaði kl:11:00 og sú seinni kl:14:00. Vel var sótt á æfingarnar og dagurinn lukkaðist vel.

Þann 9.maí kom Jako ehf með æfingabúninga til sölu á vegum Héraðssambands Strandamanna.

Forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar, tómsfundafulltrúi og leikskjólustjóri fóru á fyrirlestur landlæknis á Ísafirði um heilsueflandi samfélag. Fyrirlesturinn var virkilega áhugaverður og vona ég að Strandabyggð muni tileinka sér það að verða heilsueflandi samfélag. Og mun ég sem forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar vilja taka þátt í því með þeim.

Sumaropnun var þann 15.maí

- Hluti af sumarstarfsmönnum komnir til vinnu
- Hleypt var vatni á klósett (kofana) á tjaldsvæði
- byrjað er að taka gjald fyrir gistingu á tjaldsvæði
- opnað var eldunaraðstæða í félagsheimili
- opnunartíma breytt í 09:00-21:00

Mikil aðsókn hefur verið á tjaldsvæðið eftir opnunina 15.maí, miðað við árstíma. En við höfum tekið greiðslu fyrir 225 gestakomum þessa 15 daga.

Búið er að panta grill og verið er að steypa þau og verða þau síðan send til okkar þegar þau eru tilbúin. Grillin voru keypt hjá Bmvallá.

Búið er að panta sand í sandsíur og er hann á leiðinni til okkar.

Það hefur verið svolítið um bilanir og viðgerðir hjá okkur þennan mánuðinn. En allt er þetta eðlilegt viðhald.

Klórnermi fyrir pott 1 eyðilagðist og skipt var um hann.

Einstefnuloki fyrir klórdælu fyrir pott 2 eyðilagðist og skipt var um hann.

Dæla fyrir aðallaug bilaði, skipta þurfti um legu í mótör.

Hreyfivika UMFÍ var haldin vikuna 29.maí – 2.júní. Íþróttamiðstöðin tók virkan þátt í henni, í afgreiðslu var hægt að skrá niður hreyfingu sína annaðhvort í sundi eða hlaupi. Þáttakan var fín og söfnuðust nokkrir kílómetrar. Þann 1. Júní var frítt í sund vegna hreyfiviku og sett var upp sundblak.

---

### **Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir**

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Öll starfsmannaviðtöl hafa verið tekin og gengu vel.

Á starfsdegi 12.maí kom Einar Indriðason og fór yfir og lagaði rýmingaráætlun leikskólans. Byrjað á skrifborðsæfingu en þar er farið yfir útgönguleiðir, helstu kveikjustaði (mest eldhætta), yfir ferð á rýmingaráætlun (hlutverk hvers og eins) og fl. farið var í ferð um leikskólann og neyðarútgangar athugaðir. Einar tók svo með okkur æfingar og tók svo með okkur stutt samtal í lokin. Við þessa æfingu kom í ljós að ýmislegt þarf að laga og breyta, þeim atriðum verður komið á framfæri við sveitarstjórn.

23.maí. var tekin brunaæfing/rýming með nemendum undir leiðsögn/eftirliti Einars og gekk hún vel fyrir sig. Leikskólastjóri telur að nauðsynlegt sé að hafa rýmingaræfingu 2 á starfsárinu.

15.-16.maí. Var farið í sveitarferð að Klúku og kindur,lömb,kanínur, hænur og grísir skoðuð. Þökkum við þeim Klúku hjónum kærlega fyrir.

19.maí var útskrift haldin í Hnyðju. Verðandi grunnskólanemar, átta talsins, sýndu leikritið „úlfurinn og kiðlingarnir sjö“. Nemendur fengu svo verkefnaöppur,ferilmöppur ,heklað barmblóm og skírteini.

29.maí var farið í útskriftarferð. Útskriftarnemar, Brynja, Aðalbjörg og Svanur bílstjóri lögðu af stað í leiðangur. Byrjað var á Drangnesi, Bjössi í Malarhorni fór með okkur að „kerlingunni“ og sagði okkur söguna. Snæddir voru borgarar hjá þeim í Malarkaffi og lagt svo af stað yfir í Kotbýli Kuklarans. Þar tók á móti okkur Magnús Rafnsson en hann gekk með okkur um kotið og sagði frá. Farið var í sund að Laugarhóli og endað svo með ísstoppi í kaupfélaginu á Hólmavík. Í alla staði frábær ferð og viljum við þakka þeim Bjössa og frú, Magga og auðvitað Svani bílstjóri kærlega fyrir okkur.

Hreyfivikan 29.maí – 2.júní er í fullum gangi og höfum við verið með útileiki, heimsókn á sjúkrahúsið og útidiskó það sem af er.

1.júní var svo grænfána úttekt hjá okkur og erum við mjög stolt af því tilkynna að fáni númer 2 verður afhentur 15.júní.

Viðbyggingin gengur vel og er framundan mikið verk við að tæma rými og gera klárt fyrir sumarlokun leikskólans sem byrjar 21.júní.

---

### **Frá skólastjóra Grunn- og Tónskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

**Maí**

Maímánuður er alla jafna mánuður annríkis, skila og frágangs, námsmats og uppgjörs á vinnu vetrarins, meiri útivistar og fleiri leikja og þetta árið var engin undantekning.

Umhverfisdagur skólans var haldinn. Nemendur fóru í umhverfis- og örnefnaraleik, fóru í ruslakapphlaup þar sem þeir týndu 153 kíló af rusli. Hópurinn Ætlarðu mig lifandi að drepa sigraði í keppninni en hann týndi 34 kg af rusli á ákveðnum tíma. Þá bjuggu nemendur til 75 fjölnota poka úr bolum sem íbúar á Ströndum gáfu sérstaklega til verkefnisins. Verkefnið var unnið í samstarfi við Pokastöðina Strandir sem er í samstarfi við pokastöðvar víðs vegar um land og er þátttakandi í alþjóða verkefninu Boomerang bags.

Tónskólinn hélt vel sóttá vortónleika í kirkjunni og stofutónleika fyrir leikskólann daginn eftir. Þar komu nemendur fram og sungu og spiluðu eins og þeim er lagið undir styrki stjórn tónlistarkennaranna.

Útivistar og hreyfivika var haldin og fór þá nám og kennsla að mestu leyti fram utandyra. Nemendur fóru í heimsóknir og fengu góða gesti og fóru í fatasund og útileiki. Meðal annars var farið í heimsókn í Hólmadrang, til slökkviliðsins, lögreglunnar, vatnsveitunnar, á Galdrasýninguna, Sauðfjársetrið, Eiríksstaði, Landnámssetrið í Borgarnesi, Heydal, Bjarnarfjörð og Drangnes. Hafdís Sturlaugsdóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða tók á móti hópum í náttúruskoðun og fiðrildatalningu og Jón Alfreðsson fór með hóp í sögugöngu. Allir sem komu að Unglingadeildin „Iarpaði“ og var í heilan dag í skóginum í hlutverkaleik. Víkingaleikur var haldinn með þátttöku allra í mikilli rigningu og bleytu en víkingaleikurinn er einnig ákveðið form af hlutverkaleik. Vordagur skólans var í íþróttamiðstöð að þessu sinni og farið í margvíslega leiki og keppnir af ýmsu tagi. Samkvæmt hefðinni var spákona á staðnum, grillaðar pylsur og foreldrafélagið gaf ís.

Starfsmenn í sérkennslu tóku þátt í vorráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar.

Elstu nemendur leikskóla voru tvo daga í grunnskólanum skv. móttökuáætlun og yngstu nemendur grunnskólans heimsóttu leikskólann.

Fjarnemendur við Fjölbrautaskólann við Ármúla tóku nokkur próf í skólanum.

Hjúkrunarfræðingur var með fræðslu í 5. 7. og 8. bekk og sálfræðingur var með viðtalstíma.

Landsbyggðarvinir héldu lokaathöfn í Norræna húsinu og þar fékk Alma Lind Ágústsdóttir nemandi í 10. bekk viðurkenningu fyrir verkefni sitt um göngustíga og götulýsingu á Hólmavík

Hallveig Thorlacius kom með brúðuleikhús og sýndi nemendum í 1.-4. bekk leikritið Krakkarnir í hverfinu sem fjallar um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum.

Skólastjóri sat meðal annars fundi umhverfisnefndar, nemendavernarráðs og fund forstöðumanna sveitarfélagsins.

Forinnritun í framhaldsskóla stendur yfir frá 6. mars – 10. apríl en opnast síðan aftur 4. maí – 9. júní.

Framundan eru skólaslit, ráðningar kennara og starfsfólks og vinna við skipulag skólans.

---

## Frá Slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason

Ein æfing var í maí.

Þann 6. Maí fóru 4 slökkviliðsmenn frá slökkviliðinu til Grindavíkur á klippuæfingu, þar var staddur maður frá framleiðanda á klippunum sem við eigum og var að sína ýmsar nýjungar frá fyrirtækinu og ýmsar aðferðir við að klippa bíla. Mjög gagnleg ferð og fræðandi.

Ummiðjan mánuðinn fórum við Siggí í Búðardal og skoðuðum slökkvikerfi í slökkvibíla sem heitir 1 – 7, en þar var staddur maður sem hefur umboð fyrir slíkan búnað. Okkur leist mjög vel á þennan búnað og í flestum tilfellum er þetta mjög góður búnaður, en nokkuð fannst okkur hann dýr, eða um 5 milj. í stóran bíl.

Ég fór í úttekt í Broddanesskóla vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir gistinguna þar, brunavarnir voru viðunandi.

Tvær æfingar voru í leikskólanum Lækjarbrekku í mánuðinum, fyrst var skrifborðsæfing með starfsfólkinu og þar komu óljós gallar á rýmigaleiðum og fleiru, sveitastjóra hefur verið afhent bréf þar sem kemur fram hvað þarf að lagfæra. Síðan var rýmingaræfing þar sem skólinn var rýmdur og allir stóðu sig vel.

Í lok mánaðarins höfum við verið að athuga með bílakaup fyrir slökkviliðið og vonandi kemur eitthvað út úr því í byrjun næsta mánaðar.

Annað var hefðbundið í maí, tölvupóstar og símtöl.

---

## Frá tómsundafulltrúa – Esthr Ösp Valdimarsdóttir

Maí var ansi þungur mánuður og mjög mikið að gera. Það er ekki hrist fram úr erminni að ljúka vetrarstarfi og sinna öllu því sem því fylgir um leið og sumarstarf sem er á könnu sama einstaklings hefst, það á meðan starfsmenn þar eru uppteknir í öðrum verkefnum, og taka líka á móti sjálfbóðaliðum og skipuleggja bæjarhátíð um leið. Ég veit þetta er flókin og löng setning, það voru verkefni líka.

- **Samfelldur dagur** – Ég fór á fund forstöðukonu skóla- og frístundasviðs Ísafjarðarbæjar ásamt fulltrúum TÍM og fræðslunefndar. Þar kynnti hún okkur fyrir þeirra útgáfu af samfelldum degi. Nefndarformenn tóku að sér að vinna málið áfram. Ég bara bíð.
- **Breytingar í félagsheimili** – Allt komið á fullt og Ozon hefur þegar haft opið hús í kjallaranum og hélt þar galakvöld. Mikil bjartsýni er í hópnum fyrir þessum breytingum.
- **Skipulag sumarstarfs** – Heilmikil vinna fór í þetta enda þori ég að fullyrða að aldrei hafi tekist eins vel til. Fjölmargir aðilar koma að starfinu sem byggist að öllu leiti á samstarfi en það er að verða ansi gott og þægilegt eftir nokkur ár í tilslípun. Skipulag námskeiða og Vinnuskóla eru til fyrirmyndar, námskeiðin fjölbreytt og aðsókn góð.
- **Veraldarvinir** – Koma þeirra í ágúst er staðfest.
- **SEEDS** – Sjálfbóðaliðarnir verða á svæðinu 1.-14. júní og dvelja í Fjósínu. Þau munu vinna að viðhaldi göngustíga yfir borgirnar og í fjörunni neðan við rauða hverfið. Unnið hefur verið að skipulagi í samráði við Lilla sem aðstoðar við að taka á móti þeim.
- **Meningardvöl** – Tveir einstaklingar dvöldu í Fjósínu í maí, annar reyndar starfsmaður KSH og borgaði hann leigu. Umsóknir og skráningar gengu vel, allir komust að en stundum eru nokkrir aðilar í einu. Aðeins er um stuttan tíma að ræða þar sem enginn er í Menningardvöl.
- **Heilsueflandi samfélag** – Ég tók þátt í virkilega áhugaverðum vinnudegi um Heilsueflandi samfélag á Ísafirði. Þetta er verkefni sem kostar ekkert að taka þátt, krefst fremur lítillar vinnu en myndi skila mjög miklu. Ég hvet sveitarstjórn til að kynna sér þetta betur.
- **Hamingjudagar** – Kynning hátíðarinnar er hafin, send hafa verið út fræpokar á 600 heimili. Meginhluti dagskrár var kláraður, fjármál tekin saman, sýningar bókaðar og margt fleira. Töluverðar breytingar verða á hátíðinni en dagskráin er einkar fjölbreytt og auðvitað þétt.
- **Aðalfundir** – Ég hélt áfram að fylgjast með aðalfundum en törninni lauk á Ársþingi HSS. Það gefur virkilega mikið að tómsundafulltrúi sýni stuðning sveitarfélagsins í verki hvað þessi mál varðar.

- **Aðalfundur FFF** – Ég hafði ekki tók á að sækja fundinn vegna vinnu en var í framboði til stjórnar og var kjörin til tveggja ára. Nú er ég gjaldkeri og varaformaður Félags fagfólks í frítímapjónustu.
- **Hreyfivika** – Hreyfivika UMFÍ fór fram 29. maí- 4. júní en tómsstundafultrúi sá um þátttöku Strandabyggðar þar sem margir tóku virkan þátt, svo sem leikskólinn og félag eldri borgara.
- **Skólaslit** – Ég hélt ræðu, útskriftarnemendur fengu útskriftarplagg og meðmæli og fulltrúar í félagsmálavali umsögn.

## Fastir liðir

- **Forvarnarteymi** – Fundaði 16. maí og farið var yfir ýmis mál. Mikill áhugi er fyrir vinnunni og teymið stefnir að því að vinna forvarnaráætlun og –stefnu hið fyrsta. Teymið var einnig stækkað þar sem slökkviliðið hefur hug að að taka þátt. Kaldrananeshreppur hefur einnig sýnt áhuga á að vera þátttakandir í teyminu.
- **Ungmennaráð** – Ungmennaráð hélt sitt þriðja ungmennaping 2. maí. Nú var þingað að kvöldi og enginn matur innifalinn. Þó mættu 15 manns og ræddu fíkn með þjóðfundarsniði. Fulltrúar sveitarstjórnar voru þöglir ritarar á þinginu. Mikið af góðum upplýsingum kom fram í umræðum en verið er að vinna ályktun sem birt verður opinberlega. Ungmennaráð fundaði svo 23. maí og fór yfir þingið, heilsueflandi samfélag, stöðu dreifnámsins, Hamingjudaga og sumarferð ungmenna svo eitthvað sé nefnt.
- **TÍM nefnd** – Fundur var haldinn 8. maí þar sem fulltrúar frá félagsstarfi aldraðra komu í heimsókn. Jafnframt var farið yfir stöðu ýmissa verkefna og nýjar hugmyndir ræddar.
- 
- **Ozon** – Opnanir eru á miðvikudagskvöldum. Vikulega hjá unglingum og aðra hverja viku hjá miðstigi. Yngri hópurinn fór á ball í Tjarnarlundi ásamt Búðardal og Reykhólum, tóku þátt í flöskusöfnun og fóru í hópeflisleiki í Félagsheimilinu. Eldri hópurinn hélt flöskusöfnun, krufði bíl í Áhaldahúsinu og undirbjó Galakvöld svo eitthvað sé nefnt. Galakvöldið stórfenglega var svo haldið með pompi og prakt í kjallara félagsheimilisins og gekk ótrúlega vel. Lokadag Ozon hjólaði hópurinn svo í vindi og veseni út á Drangsnæs þar sem við grilluðum, fórum í pottana og gistum í grunnskólanum. Verkefnið var ótrúlega erfitt og krefjandi en sjálfseflandi um leið.
- **Félagsmálavali** – Skipulögðu og héldu galakvöld og hjólaferð. Eins var haldinn lokafundur þar sem lagðar voru til breytingar á starfinu fyrir næsta ár og ráðinu boðið upp á pizzu.
- **Foreldrahittingar** – Fastur liður í hádeginu á miðvikudögum, ég hef þó ekki alltaf verið með sökum anna. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim.
- **Fjósið** – Frá seinni hluta maí og fram í ágúst er Fjósið upptekið þar sem þar býr fólk í menningardvöl.

## Verkefni í júní

- **Vinnuskóli** – 15 nemendur eru í Vinnuskóla sem hefst 6. Júní. Vegna þess að starfsmenn eru uppteknir í störfum við Grunnskólann og ekki hefur fengið viðunandi stuðningur þarf ég að hluta til að verkstýra í skólanum. Eins skipulegg ég starfið, sinni agamálum ef upp koma, samskiptum við foreldra, ferðum og uppákomum.

- **Sumarnámskeið** – Þrenn sumarnámskeið verða í boði þetta sumarið, samtals í tvær vikur og hefjast þau 6. júní. Skráning er góð, leiðbeinendur frábærir og stefnir í gott sumar. Ekki fékkst viðunandi stuðningur við þátttakendur sem höfðu rétt á því. Hér er ég eins konar skólastjóri, stuðningur og bakland rétt eins og í Vinnuskóla.
- 
- **Hamingjudagar** – Nú fer að koma að þessu. Júní helgast að mestu leiti Hamingjudögum en ótrúlegan tíma tekur að þússa ýmis smáatriði og ná öllum saman. Einkum er mikilvægt að hafa alla verkefnalista og hlutverk allra einstaklinga mjög skýr og niðurnjörfuð en frumkvæði og jákvætt viðmót hefur ekki endilega einkennt vinnu starfsfólks sveitarfélagsins þegar kemur að þessum stórvíðburði, við getum sannarlega bætt okkur hvað þetta varðar.
- **SEEDS** – Sinna þarf SEEDS, gæta þess að þau hafi nóg að gera og skipuleggja ferð.
- **Menningardvöl** – Gæta þarf að góðri umgengni og athuga að þeir sem hér dvelja hafi allt til alls og að þau upplifi sig velkomin. Eins þarf að aðstoða þau við skipulagningu viðburða í tengslum við dvölinu.
- **Frágangur** – Taka þarf saman og ljúka ýmsum minniháttar málum áður en ég hætti störfum.

#### Fastir liðir

- **TÍM nefnd** – Fundað verður 8. júní. Meginumræðuefnið er Hamingjudagar og fulltrúi Strandakunst kemur í heimsókn.
- **Ungmennaráð** – Fundur ungmennaráðs verður 19. júní. Þá verður aðallega fjallað um næsta ungmennanæping sem verður í haust og þar verður kosið í nýtt ungmennaráð. Ungmennaráð hefur þegar skilað sínu hvað varðar skipulagningu fyrir Hamingjudaga og sumarstarf ungmenna.
- **Ozon** – Frágangur á vetrarstarfi stendur yfir, borgun reikninga, rukkun skulda, sala á nammi og öðrum varningi. Síðan þarf að flytja eigur Ozon á nýjan stað þegar kjallarinn er tilbúinn.
- **Félagsmálaval** – Komið í sumarfrí eftir skólaslit 2. Júní.
- **Forvarnarteymi** – Fundur verður 20. Júní. Fyrir þann tíma eiga allir að hafa skilað tómskundafulltrúa yfirliti yfir aðkomu sinnar stofnunar að forvarnarmálum og hugyndum um hvað mætti betur fara. Tómskundafulltrúi setur þetta svo saman í eitt plagg.
- **Foreldrahittingar** – Foreldrahittingar halda eitthvað áfram með meiri útiveru og barnafata markaði.
- **Fjósið** – Upptekið vegna menningardvalar.
- **Samfelldur dagur** – Vonandi liggja einhverjar ákvarðanir fyrir sem fyrst til að hægt verði að skipuleggja framhaldið en gott skipulag er lykillinn. Ef svo er þarf gríðarleg vinna að fara í þetta í júní svo allt sé tilbúið í haust.